

Tillaga til ályktunar, frá Kjartani Magnússyni borgarfulltrúa í Reykjavík, um mislæg gatnamót

„Umferðarþing skorar á borgaryfirvöld í Reykjavík að beita sér fyrir því að sem fyrst verði ráðist í byggingu mislægra gatnamóta Miklubrautar – Kringlumýrarbrautar.

Um gatnamótin fara nú um 85.000 bílar á sólarhring og er talið að þar séu mestu slysgatnamót landsins. Nemur tjónakostnaður vegna gatnamótanna hundruð milljónum króna árlega auk ómældra mannlegra þjáninga.

Talið er að vel hönnuð mislæg gatnamót geti fækkað slysum á þessum stað um 80-90% og er því brynt að ráðast í þessa þörfu og arðbæru framkvæmd sem fyrst.”

Tillagan var samþykkt með handaruppréttingu með 29 atkvæðum.

Þrír voru á móti. Þeir sem sátu hjá voru ekki taldir.

Tillaga frá Gunnari H. Gunnarssyni, deildarverkfræðingi hjá umferðardeild borgarverkfræðingsins í Reykjavík, Áskorun á ríkisstjórn og Alþingi

„Umferðarþing, haldið í Reykjavík 25. og 26. nóvember 2004, lýsir yfir ánægju sinni yfir því, að umferðaröryggismál hafi verið flutt frá dómsmálaráðuneytinu yfir til samgönguráðuneytisins og fagnar þeirri hreyfingu, sem komist hefur á þau mál þar.

En Umferðarþing telur of lítinn metnað vera fólgin í þeim áformum ráðuneytisins að setja einungis 165 milljóna króna viðbótarfjármagn á ári, í þennan málaflökk, næstu 4 árin og ætla sér að nota 12 ár í það verkefni að koma Íslandi aftur í fremstu röð á þessu sviði í heiminum. Umferðarþing telur réttara að verja í þennan málaflökk a.m.k. 300 milljónum króna á ári næstu 4 árin, sem myndi duga til þess að gera Ísland á ný að forysturíki strax 2009, ef ávallt yrði farið í arðsömustu verkefnin.

Umferðarþing skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að verða við þessari ábendingu sinni.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur unnið ötullega að fækkun umferðarslysa og sett árlega h.u.b. 200 milljónir króna í þann málaflökk s.l. 10 ár, með þeim árangri að árlegur þjóðhagslegur umferðarslysakostnaður í borginni hefur að meðaltali minnkað úr 6350 milljónum króna á ári, árin '96 - '99 í 4150 milljónir króna á ári, árin '00 - '03 eða um 2200 milljónir króna, á ári. Breyting á þessum kostnaði á Íslandi utan Reykjavíkur hefur á sama tíma verið nánast engin, eða úr 9560 milljónum króna á ári í 9510 milljónir króna á ári, enda ríkið sett óverulegar fjárhæðir í þennan málaflökk.

Annar mælikvarði á frammistöðu ríkisins er sá, að nú er Ísland í 12. – 13. sæti meðal 30 OECD ríkja, þegar miðað er við hvaða ríki eru með fæsta látna í umferðarslysum á hverja 100000 íbúa, en hefur fram til þessa, frá upphafi þessarar tölfræði 1970, verið í fremstu röð, oftast í hópi 5 bestu ríkjanna og aldrei aftar en í 7. sæti.”

Tillagan var felld í skriflegri atkvæðagreiðslu. Atkvæði féllu þannig að 37 voru á móti, 11 með, 5 skiluðu auðu og 3 atkvæðaseðlar voru ógildir.